

**127** Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um aukafjárveitingu til bráða-  
8. des. birgðaruppbótar fátækum brauðum. — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi frá 4. þ. m. vil jeg hjer með ákveða, að þeim 1500 kr., sem með 5. grein fjáráukalaga fyrir 1882 og 1883 frá 8. okt. þ. á., eru veittar til bráðabirgðarupp-  
bótar fátækum brauðum, auk 700 króna eptirgjafar af árgjaldinu frá Oddaprestakalli fyrir nefnt fjárhagstímabil, skuli skipt svo sem nú greinir:

1. Gufudalsprestakall . . . . .	200 kr.
2. Miðgarðsprestakall í Grímsey . . . . .	200 —
3. Fellsprestakall í Skagafirði . . . . .	100 —
4. Klyppstaðarprestakall . . . . .	200 —
5. Hestsþingaprestakall . . . . .	100 —
6. Tjarnarprestakall á Vatnsnesi . . . . .	100 —
7. Staðarprestakall í Aðalvík . . . . .	100 —
8. Desjarmýrarprestakall . . . . .	200 —
9. Skarðsþingaprestakall . . . . .	100 —
10. Hvanneyrarprestakall . . . . .	100 —
11. Lundarbrekkuprestakall . . . . .	100 —

Þetta undanfelli jeg eigi hjer með þjónustusamlega að tilkynna yður, til þókn-  
anlegrar birtingar fyrir hlutaðeigendum, sem geta fengið hinar veittu upphæðir útborgaðar í einu lagi hjá landfógeta.

**128**

18. des.

### Auglýsing.

Það kunngjörst hjer með, að prentuð hafa verið eyðublöð undir brjefspjöld með  
*borguðu svári* útbúin með frímerkjum:

1. Brjefspjöld til að nota á Íslandi fyrir . . . . .	10 aura.
2. Brjefspjöld til að senda til Danmerkur fyrir . . . . .	16 —
3. Brjefspjöld til að senda til annara landa í allsherjar- póstsambandinu fyrir . . . . .	20 —

Brjefspjöld þessi fást á pósthúsinu í Reykjavík nú þegar, en eptir fyrstu póst-  
ferð á næsta ári einnig á öðrum pósthúsum í landinu.

Landshöfðinginn yfir Íslandi. Reykjavík, 18. dag desembr.m. 1883.

**Bergur Þborberg**

settur.

**Jón Jenson**

settur.

### EMBÆTTISSKIPUN.

20. desember setti landshöfðingi cand. juris Jóhannes Ólafsson til þess fyrst um sinn frá 1. jan. 1884 að gegna sýslaninni sem málaflutningsmaður við landsyfirrjettinn í stað Þorsteins sýslumanns Jónssonar, sem hafði afsalað sjer sýslan þessari frá sama tíma.

### ÓVEITT PRESTAKALL.

Staðarbakkí í Húnavatnsprófastsdæmi (Staðarbakka- og Núpssóknir). Þetta prestakall verður eigi veitt að svo stóddu, en sá, er um það sækir, verður settur til að þjóna því gegn öllum tekjum þess. Umsóknartíminn er útrunninn 20. jan. 1884. Metið 1088 kr. 18 a. Auglýst 4. des. 1883.

1) Smbr. br. landsh. til póstmeistarans, dags. 4. sept. þ. á. (B. 96.).